

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 219/2019

frá 27. september 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/650 frá 24. apríl 2019 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 að því er varðar jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/651 frá 24. apríl 2019 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til þroskunar og heilbrigðis barna <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006):

„— **32019 R 0650:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/650 frá 24. apríl 2019 (Stjtið. ESB L 110, 25.4.2019, bls. 21).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 164. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/625):

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 110, 25.4.2019, bls. 21.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 110, 25.4.2019, bls. 23.

„165. **32019 R 0651**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/651 frá 24. apríl 2019 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna (Stjtíð. ESB L 110, 25.4.2019, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2019/650 og (ESB) 2018/651, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Gunnar Pálsson**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.